

Fimmtudaginn 15. júní 1978

Nr. 134/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Jökli Vilhjálmssyni

(Skúli Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús P. Torfason.

Það athugast, að ákærði ók bifreiðinni U 496 hinn 2. maí og 7. ágúst 1976, en eigi U 946, svo sem greinir í ákæruskjali 22. september 1976 og í héraðsdómi.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. maí 1978, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er leitt í ljós, að varðhaldsrefsingu þeirri, er ákærði sætti með dómi sakadóms Suður-Múla-sýslu 13. maí 1970 og greinir í héraðsdómi, var breytt hinn 6. október 1971 í 8.000 króna sekt með náðun. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem ákærða er gefið að sök í ákæruskjali 22. september 1976.

Atferli ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í héraðsdómi, og ber að ákveða refsingu með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Svípta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá 9. júlí 1976 að telja með vísan til 3. málsg. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. málsg. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 1. og 3. málsg. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda taka kröfur ákærvalds að þessu leyti aðeins til málsvarnarlauna verjanda.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Jökull Vilhjálmsson, sæti 20 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 9. júlí 1976 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 29. desember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað af ríkis-saksóknara með ákæru, útgefinni hinn 22. september 1976, á hendur Þorsteini Jökli Vilhjálmsyni húsasmiði, Brávöllum 15, Egilsstöðum, fæddum 28. desember 1947 að Möðrudal, Jökuldals-hreppi, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 2. maí 1976 undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini meðferðis bifreiðinni U 946 frá heimili sínu, Brávöllum 15, inn Fagradalsbraut og eftir henni, uns lögreglan stöðvaði akstur ákærða á mótum Austurlandsvegur.

Í ákæruskjali er framanlýst háttsemi talin varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Er þess þar krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er ákærða í ákæru, útgefinni af sýslumanni Suður-Múlasýslu hinn 29. desember 1976 með stoð í 114. gr. laga nr. 74/1974, gefið að sök að hafa laugardaginn 7. ágúst 1976 ekið bifreiðinni U 946, sviptur ökuréttindum, frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar og um götur þar. Í ákærunni er þetta atferli talið varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, og hefur hann áður sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

- 1968 10/11 á Seyðisfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1969 18/9 í S-Múlasýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1969 25/9 í S-Múlasýslu: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1970 13/5 í S-Múlasýslu: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Ökuleyfissvipting í 1 ár frá 13. maí 1970.
- 1970 8/12 í S-Múlasýslu: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1976 8/3 í S-Múlasýslu: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. maí 1976 stöðvuðu lögreglumenn á Egilsstöðum bifreiðina U 946, eftir að þeir höfðu veitt henni athygli, þar sem henni var ekið á mikilli ferð, að því er þeim virtist, norður Fagradalsbraut. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, og virtist lögreglumönnum ákærði vera undir áhrifum áfengis. Hafði hann ekki ökuskirteini sitt meðferðis. Að yfirheyrslu lokinni var ákærði fluttur í heilsugæslustöðina á Egilsstöðum til töku blóðsýnis til alkóhólákvörðunar, en í sýninu reyndust vera 1.88‰ af alkóhóli. Við lögreglu-yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa neytt áfengis um kvöldið, en kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, meðan á akstri stóð.

Er ákærði kom fyrir dóm hinn 9. júlí 1976 viðurkenndi hann að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn umrætt sinn, en kvaðst þó ekki hafa verið ölvaður. Lýsti hann jafnframt yfir því, að ökuskirteini hans hefði glatast í febrúarmánuði næstliðnum. Í þessu þinghaldi var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Laugardaginn 7. ágúst tilkynntu lögreglumenn frá Egilsstöðum til lögreglunnar á Seyðisfirði, að þeir hefðu þá rétt áður mætt bifreiðinni U 496 á Fjarðarheiði, og var við stjórn hennar „réttindalaus maður“. Fóru lögreglumenn á Seyðisfirði að svipast um eftir bifreiðinni og sáu til hennar, þar sem henni var ekið upp með kirkjugarðinum þar við bæinn. Rétt á eftir fundu lögreglumenn bifreiðina við húsið nr. 3 við Vesturgötu, en húsráðendur þar vildu ekki skýra frá því, hvar ökumaðurinn væri. Tóku lögreglumennirnir nú bifreiðina og fóru með hana að lögreglustöð-

inni. Rétt á eftir gaf ákærði sig þar fram sem eigandi bifreiðar-innar.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni umrætt sinn.

Samkvæmt játningum ákærða, sem eru studdar öðrum gögn-um málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, er honum eru gefin að sök í ákærum málsins og þar eru í báðum tilvikum rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði var með dómi sakadóms Suður-Múlasýslu, uppkveðn-um hinn 13. maí 1970, dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur öku-leyfi í 1 ár frá dómsbirtingu fyrir brot gegn ákvæðum áfengis-laga og umferðarlaga. Með hliðsjón af þeirri venju, sem ríkt hef-ur í refsiframkvæmd hér á landi, að varðhaldsrefsingu samkvæmt slíkum dómum hefur nánast alltaf verið með náðun breytt í sekt að ósk dómþola, þykir eðlilegast, að fyrning ítrekunaráhrifa slíkra dóma teljist byrja við dómsuppsögu eða birtingu, ef hún fer fram síðar, á sama hátt og sektardóma. Þar sem meira en 5 ár eru liðin frá birtingu nefnds dóms þar til þau brot voru framin, er hér um ræðir, þykir dómurinn eigi hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun viðurлага í þessu máli, sbr. 71. gr. almennra hegningar-laga nr. 19/1940.

Þegar öll atvik eru virt, þykir refsing ákærða með vísun til laga nr. 54/1976 hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkis-sjóðs, og skal 20 daga varðhald koma í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dómsins. Þá er ákærði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuréttindum í 2 ár frá 9. júlí 1976 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ragnar Halldór Hall fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Jökull Vilhjálmsson, greiði kr. 60.000 í sekt til ríkissjóðs, og kemur 20 daga varðhald í stað sektar-innar, verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms-ins. Hann er sviptur ökuréttindum í 2 ár frá 9. júlí 1976 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.